



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags á
Kaðlastöðum í Árborg



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

Apríl 2007

2007/2

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Fornleifaskráning og aðferðir	3
Aðferð við fornleifaskráningu	4
Jarðanúmer	4
Tegund, hlutverk og heiti	4
Lega	5
Staðhættir og lýsing	5
Hættumat	5
Heimildir	5
Heimildamenn	6
Saga jarðanna og fornleifar	6
Saga Hóla	7
Náttúrufar og jarðarbætur	10
Heimildaskrá	13
Fornleifar í landi Kaðlastaða	14
Niðurlag	20

Inngangur

Í október 2005 fór fram aðalskráning fornleifa á jörðinni Kaðlastöðum í Árborg, skráninguna önnuðust fornleifafræðingarnir Edda Linn Rise og Kristín Erla Þráinsdóttir.

Í mars 2007 kom beiðni frá Grétari Zophaníassyni fulltrúa hjá framkvæmda- og veitusviði Árborgar að gerð yrði deiliskráning fornleifa á hluta af jörðinni Kaðlastaðir.

Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur fór aftur á svæðið og höfðu aðstæður breyst nokkuð frá því aðalskráningin var gerð 2005. Varð því nokkur breyting á skýrslunni milli ára. Viðbætur við skýrslu Eddu Linn og Kristínar gerði Margrét Hallmundsdóttir.

Svæðið sem um ræðir afmarkast af sjóvarnargarði í suður og Löngudæl til norðurs. Til austurs nær svæðið að Kaðlastöðum og til vesturs að mörkum þess svæðis sem telst til íbúðarsvæðis samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Deiliskráningin var gerð í apríl 2007.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningar-sögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„... hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir,

kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr.

11. gr.“

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Fornleifaskráning og aðferðir

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í upplýsingakerfið Sarp sem er menningarsögulegur gagnagrunnur.

Í fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum og miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847

Með jörðinni fylgir skrá með umfjöllun um hvern minjastað og ljósmyndir eða teikningar eftir því sem við á. Minjar eru færðar inn á skipulagskort Verkfræðistofu Suðurlands og eru kort birt hér með góðfúslegu leyfi þeirra.

Aðferð við skráningu

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem *Fasteignamat ríkisins* hefur úthlutað, t.d. Kaðlastaðir 182314, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt *Jarðatali á Íslandi*, 152 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hvernar jarðar. Bæjarstæði Kaðlastaða væri nr. 1 og

þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Kaðlastaðir 182314-152-1Sé jörð með landsnúmer en ekki númer í *Jarðatali á Íslandi* flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Gamlibrunnur, er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lega

Nákvæm staðsetning er skráð. Tekin voru GPS-hnit á vettvangi og þau færð í skrána. Staðsetning minjanna er einnig færð inn á meðfylgjandi kort frá Landhönnun. Hnitin sem gefin eru upp eru í landskerfinu ISN93.

Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vitnað í heimildir.

Hættumat

Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda, því að fornleifar geta, sem fyrr segir, leynst undir sverðinum.

Heimildir

Vísað er í helstu ritheimildir um sérhverja hinna skráðu fornleifa. Hér eru einnig skráðar þær heimildir sem stuðst er við í fyrri kafla um staðhætti og lýsingu, en ekki neðanmáls eins og þó er gert í öðrum texta þessarar skýrslu. Ræðst það af því að fornleifaskráningin á helst að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar.

Heimildamenn

Heimildamaður við skráningu Kaðlastaða var Steingrímur Jónnson.

Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hvernar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

Kaðlastaðir - 182314-152

Fjöldi minja: 18

Saga

Kaðlastaðir voru ein af hjáleigum Stokkseyrarjarðarinnar og kom hún fyrst fyrir í heimildum í bændatali árið 1681. (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:199) Árið 1708 var Stokkseyrarjörðin skráð í *Jarðabókina* og voru hjáleigur jarðarinnar þá 24 talsins, og Kaðlastaðir voru skráðir níunda hjáleigan. (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:67) Kaðlastaðir voru ein af þeim 13 hjáleigum sem voru í eigu Bjarna Gíslasonar lögréttumanns í Ási. (Vigfús Guðmundsson. 1945:57-8)

Um nafngift Kaðlastaða fjallaði Guðni Jónsson í bók sinni *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*: „Um nafnið er nokkur ágreiningur. Í bændatali 1681, sem er elzta heimildin, er ritað Kalastaðir ... Engin vafi er á því, að fyrri liðurinn í nafninu er mannsnafn, annaðhvort Kali eða Kaðall ... Bæði þessi nöfn koma fyrir hér á landi í fornöld... og bæjanöfnin Kalastaðir og Kaðalstaðir þekkjast einnig annars staðar á landinu. Ógerningur virðist vera að skera úr um það, hvort nafnið sé upphaflegra hér af þessum tveimur, en þriðja nafninu, Kaðlastöðum, ber algerlega að hafna sem misheppnaðri skýringartilraun. Vér höfum valið Kalastaði í samræmi við elztu heimildina og almennan framburð.“ (Guðni Jónsson. 1952:283) Steingrímur Jónsson gaf þá skýringu á nafngiftinni að á svæðinu hafi verið geymdir kaðlar þegar Danir voru með verslunarrekstur á Stokkseyri. (Steingrímur Jónsson. Ágúst 2005.) Kaðlastaðir hafa ávallt gengið undir sama nafninu en sú útgáfa þess sem notuð er í dag er Kaðlastaðir. Sú útgáfa hefur verið notuð frá árinu 1847, og sömuleiðis árið 1708. (Johnsen, J. 1847:60; *Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:158; Túnakort [1920]. *Kaðlastaðir; Fasteignabók*. 1932:11; Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:67) Þar á undan kallaðist hjáleigan Kalastaðir (*Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt*. 1978:214; *Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:301; *Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt*. 1982:220) en árið 1703 Kaðalstaðir. (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:514)

Á Kaðlastöðum bjuggu að meðaltali sjö manna fjölskyldur frá upphafi 18. aldar til miðrar 19. aldar. Árið 1703 bjuggu þar alls sjö manns, (*Manntal á Íslandi árið 1703*. 1924-1947:514) tæpri öld síðar bjuggu þar níu manns, (*Manntal á Íslandi 1801*. *Suðuramt*. 1978:214) en þó tvær fjölskyldur. 15 árum síðar bjuggu þar fimm manns (*Manntal á Íslandi 1816*. 1947-1974:301) og loks bjuggu þar sjö manns árið 1845. (*Manntal á Íslandi 1845*. *Suðuramt*. 1982:220)

Um skuldir, kvaðir og stærð jarðarinnar segir í *Jarðabókinni*: „Landskuld lx álnir í landaurum ut supra. Kúgildi i. Leigur ut supra. Kvöð mannslán ut supra. Kvikfje ii kýr, i kálfur, x ær, viii sauðir veturgamlir, i sauður tvævetur, xi lömb, i hestur, i hross með fyli. Fóðrast kann áðurtalið kvikfje.“ (Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921:67) Þegar *Jarðatal á Íslandi* var skráð árið 1847 var landskuld Kaðlastaða 0,60 og kúgildin 1. (Johnsen, J. 1847:60)

„Kalastaðir fylgdu lengstum Stokkseyrartorfunni, og eru $\frac{3}{4}$ hlutar þeirra eign ríkissjóðs ásamt henni síðan 1935.“ (Guðni Jónsson. 1952:283) Í dag (2005) er jörðin í ábúð.

Náttúrufar og jarðabætur

Hinar ýmsu náttúruhamfarir hafa skollið á fólkinu við suðurströndina s.s. flóð og jarðskjálftar, og hafa þær oft á tíðum ollið miklu tjóni, aðallega á húsum og túnnum. „1799. Þá kom mesta flóðið, sem sögur fara af á Eyrarbakka ... Á Kalastöðum eru túnin að mestu af, vegna sands og grjóts, hús mörg brotin og tilgengin.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:40 og 41)

Fyrir jarðskjálftana 1896 stóðu fimm bæjarhús á Kaðlastöðum og sjö peningshús, skjálftarnir ollu því að eitt bæjarhúsið og tvö peningshúsin skemmdust mjög mikið en hin lítið. Upplýsingar um afdrif eins bæjarhússins vantar. (Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905:185) Árið 1910 var þar skráð ein þurrabúð með tveimur herbergjum, byggð úr timbri og járn. Bærinn var með þremur heilþiljum, úr timbri með járnþaki og tveimur herbergjum. Önnur þurrabúð var byggð úr timbri, með sex herbergi. Ein þurrabúð var þar til viðbótar en hún var byggð úr timbri og með þremur herbergjum. (*Manntal á Íslandi*

1910. *III Árnessýsla*. 1997:158-163) Steingrímur Jónsson sagði Kaðlastaðabæina hafa verið tvo talsins. Það hús sem í dag stendur á jörðinni tilheyrði Eystri-Kaðlastöðum en því tilheyrðu færri útihús en því vestara, þar sem það var meira tómhús. Vestri-Kaðlastaðir voru um 40-50 m á ská út frá Eystri-Kaðlastöðum og um húsbreidd sunnan við þar sem nú er útihús uppistandandi, NV við húsið sem í dag stendur á jörðinni. (Steingrímur Jónsson. 2005.) Íbúðarhúsið á Vestri-Kaðlastöðum brann til grunna 22. september árið 1995. (*Morgunblaðið*. *Mbl.is/gagnasafn*. 23. september 1995)

Á túnakorti sem sennilega var teiknað í kringum árið 1920 má sjá skráðan bæ, matjurtagarð og þrjú útihús. Túnið var þá 2,0 ha að stærð og var það allt slétt. Matjurtagarðarnir voru 868 m². (Túnakort [1920]. *Kaðlastaðir*) Túnið var enn 2 ha árið 1932 og matjurtagarðarnir 870m². (*Fasteignabók*. 1932:11) Á heimasíðu *Fasteignamats ríkisins* eru byggingar skráðar ásamt byggingarári. Samkvæmt því sem þar stendur er húsið sem skráð er á túnakort Kaðlastaða sennilega enn standandi en það er byggt árið 1907. (*Fasteignamat ríkisins*. (Engin dags.))

Á Kaðlastöðum hafa staðið auk bæjarins, þurrabúðir en árið 1910 voru þar t.d. þrjár þurrabúðir. (*Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla*. 1997:158-163) Þar hafa líka staðið sjóbúðir og hin ýmsu útihús. Engar heimildir eru til um að Kaðlastaðir hafi nokkurtíman lagst í eyði, en „Á 18. öldinni fækkaði kotunum lítið eitt, svo að 1785 eru þau ekki nema 18 og engin þurrabúð. Auk tómthúsanna allra vantar ... Kalastaði.“ (Vigfús Guðmundsson. 1945:57-8) Guðni Jónsson fjallaði um bæ og þurrabúðir Kaðlastaða í bók sinni *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi* og þar segir: „Á Kalastöðum risu upp nokkrar þurrabúðir fyrir og um síðustu aldamót. Árið 1896 byggðu sér þar bæ Gísli Gíslason frá Kotferju og kona hans, Guðrún Sigurðardóttir ... Bjuggu þau þar til 1928 ... Skömmu eftir að þau fóru, var bærinn rifinn. Stóð hann vestast í bæjarröndinni á Kalastöðum og er nú alveg sléttaður út. Árið 1898 fluttist Halldór Halldórsson frá Eystra-Stokkseyrarseli að Kalastöðum, reif sjóbúð sína þar og byggði sér bæ, þar sem hún hafði staðið, en um 1907 reif hann bæinn og byggði þar timburhús ... Hallgrímur Jóhannesson skipasmiður átti sjóbúð suður á hlaðinu á Kalastöðum. Svo reisti hann sér smíðahús þar, sem sjóbúð hans hafði staðið, en um 1905-06 reif hann það og byggði þar íbúðarhús ...

Þar, sem gamli Kalastaðabærinn stóð, er nú heyhlaða og fénaðarhús.“ (Guðni Jónsson. 1952:290)

Í *Sunnlenskum byggðum* er staðsetningu, kostum og ókostum jarðarinnar lýst: „Þetta var vestasta býlið í suðvesturhorni hreppsins Bærinn stóð á bökkum Löngudælar sunnanvert, örstutt frá sjó. Þarna er sjávarbakkinn hvað hæstur en þó hefur sjór vaðið yfir og skilað sléttu sandtúni. Á Kalastöðum var alltaf þokkalega búið enda átti jörðin engjablett út með Löngudæl, töðugæft língresi og seftjarnir sem gaf 2-3 kýrfóður. Þurfti því lítið að sækja heyskap á Breiðumýri.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:199)

Heimildaskrá

Allan Magnússon. [ártal vantar]. *Sjávarflóð* 22. 1. 1925. Eyrarbyggðahreppur, Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Andrés Markússon. Marz 1926. *Sundin á Stokkseyri*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla, Örnefnastofnun.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi*. Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir. 2003. *Skrá yfir þjóðsögur og sagnir í Árnessýslu: skrá settar/útgefnar 1890-1960*. BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Fasteignabók. 1932. Fjármálaráðuneytið, Reykjavík.

Fasteignamat ríkisins. (Engin dags.). *Landskrá fasteigna. Eyrarbraut 30 Sveitarfélagið Árborg*. Sótt 26.9. 2005 af

<http://www.fmr.is/>

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrbakka.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum. Umsjón með útgáfu: Byggðasafn Árnesinga. Útgáfa í 30 fjölrituðum eintökum í september 2000 og 15 eintökum í febrúar 2001.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703. 1924-1947. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1801. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1816. 1947-1974. Ættfræðifélagið, Akureyri og Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1845. Suðuramt. 1982. Bjarni Vilhjálmsson sá um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Manntal á Íslandi 1910. III Árnessýsla. 1997. Hólmfríður Gísladóttir og Eggert Th. Kjartansson sáu um útgáfuna. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

Morgunblaðið. *Mbl.is/gagnasafn*. 23. september 1995. Húsbruni á Stokkseyri. Sótt 12. jan. 2006 af http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=223750

Oddur V. Gíslason. 1890. *Leiðir og Lendingar í fiskiverum Íslands. Frá Jökulsá á Sólheimasandi til Reykjaness. I. bindi*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Túnakort [1920]. *Kaðlastaðir. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vigfús Guðmundsson. 1945. *Saga Eyrarbakka*. Fyrri bindi, fyrri hefti. Víkingsútgáfan, Reykjavík.

Þorvaldur Thoroddsen. 1899 og 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Hið íslenska bókmentafélag, Kaupmannahöfn.

Kaðlastaðir 182314 152 - 1

Sérheiti: Kaðlastaðir

Hlutverk: Bæjarhóll, Bústaður

Tegund: Bæjarstæði

Staðsetning: X: 397919

Y: 372330

Skekkja: 4,5 m

Ástand: Ómetið

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

„Bærinn stóð á bökkum Löngudælar sunnanvert, örstutt frá sjó.“ (*Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981:199) Kaðlastaðir eru vestasta íbúðarhúsið á Stokkseyri, sunnan við Löngudæl, um 20 m vestan við Eyjasel 1 og um 15 m norður af götunni Eyrarbraut, en Kaðlastaðir standa á lóðinni Eyrarbraut 30. Íbúðarhúsið sem í dag stendur á Kaðlastöðum var byggt árið 1907 og tilheyrði Eystri-Kaðlastöðum.



Bæjarstæði Eystri Kaðlastaða, íbúðarhús stendur þar sem bær stóð áður

Lýsing

Í raun er ekki um bæjarhól að ræða, fremur bæjarstæði, og ekki gott að sjá hversu stórt svæði var nýtt undir húsbyggingar. Minjar um fyrri búsetu og athafnarlíf á svæðinu eru mjög fáar.

Heimildaskrá

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Páll Lýðsson bjó til prentunar. Búnaðarsamband Suðurlands, (án útgáfust.).

Kaðlastaðir 182314 152 - 2

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397933

Y: 372330

Skekkja: 4,5 m

Hleðsluhæð: 30 cm

Lengd: 10 m

Breidd: 3 m

Ástand: Slæmt

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Ábúð

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var útihús um 4 m frá bænum, en þar sem áttir vantar á túnakortið er ekki unnt að segja til um það hvar útihúsið stóð nákvæmlega, en sé vatnið sem skráð er á kortið, Langadæl, þá hefur útihús þetta verið við NA horn íbúðarhússins. Sennilega er íbúðarhúsið á kortinu Eystri-Kaðlastaðir og það hús sem þar stendur enn í dag (2005). Um 4 m norður af túngarði [17], 10 m vestur af Eyjaseli 1 er tóft gamals útihúss, sem að öllum líkindum er útihúsið á túnakortinu. Vesturendi hússins er um 2 m frá NA horni íbúðarhússins á Kaðlastöðum.



Tóftin óljós undir grasi

Lýsing

Tóftin er um 10 m löng og liggur úr A í V, breiddin er um 3 m. Engar dyr eru sjáanlegar á tóftinni. Ekki sér í neina hleðslusteina en grunnt er á þá. Hæst er hleðsluhæðin um 30 sm en þó lækkar jarðvegurinn töluvert norðan við tóftina og er tóftin þar hæst, eða um 0,5 m. Tóftin virðist vera samsett úr tveimur rýmum en það vestara er um 4 x 3 m að innan máli og það eystra 3 x 3 m að innan máli. Örlítil, mjög grunn, dæld er norðan við eystra rýmið, hún er um 3 x 2 m að innanmáli. Sami gróður er á allri tóftinni og á umhverfinu í kring.

Heimildaskrá

Túnakort [1920]. *Kaðlastaðir. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kaðlastaðir 182314 152 - 3

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397877 Y: 372302

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var útihús um 40 m frá bænum, um 30 m frá matjurtagarðinum og 10 m frá útihúsi [4]. Þar sem áttir vantar á túnakortið er ekki unnt að segja til um það hvar útihúsið stóð nákvæmlega, en sé vatnið sem skráð er á kortið, Langadæl, þá hefur útihús þetta verið nokkurnvegin 20 m suður af Eyrarbraut. Þar er nú malarsvæði og engar minjar sjáanlegar. Sennilega hefur það staðið þétt við gamla sjóvarnargarðinn.

Heimildaskrá

Túnakort [1920]. *Kaðlastaðir. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kaðlastaðir 182314 152 - 4

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397877 Y: 372302

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var útihús um 45 m frá bænum, um 35 m frá matjurtagarðinum og 10 m frá útihúsi [3]. Þar sem áttir vantar á túnakortið er ekki unnt að segja til um það hvar útihúsið stóð nákvæmlega, en sé vatnið sem skráð er á kortið, Langadæl, þá hefur útihús þetta verið nokkurnvegin 25 m suður af Eyrarbraut. Þar er nú malarsvæði og engar minjar sjáanlegar. Sennilega hefur það staðið þétt við gamla sjóvarnargarðinn.

Heimildaskrá

Túnakort [1920]. *Kaðlastaðir. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla*. Þjóðskjalasafn Íslands.

Kaðlastaðir 182314 152 - 5

Sérheiti: Sundtré

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Mannvirki

Staðsetning: X: 397666 Y: 372510

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætt

Hættuorsök: Ábúð

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

Árið 1890 var bókin *Leiðir og landingar í fiskiverum Íslands* rituð og þar segir um Sundréð: „Standa þau [Sundréð og Sundvarðan [6]] bæði á bakkanum fyrir vestan



Kaðlastaði; sem er vestasti bærinn í stokkseyrarhverfinu.“ (Oddur V. Gíslason 1890:39-40) Í flóðinu er varð 22. 1. 1925 urðu miklar skemmdir á Stokkseyri, m.a. féll Sundvarðan „út að sundtrénu, og Sigurður á eftir þeim [hrossum], og þar stóð hann af sér ólag og rak svo allt austur úr, og í næsta ólagi féll Sundvarðan.“ (Allan Magnússon. [ártal vantar]:6) Sundtréð stendur enn. Ef sundvarðan og Sundtréð runnu saman í eitt þá voru sjómenn á réttri leið. Sundtréð er mjög áberandi þar sem það stendur um 50 m norður af Eyrarbraut og um 70 m suður af Löngudæl. Á beru svæði þar sem engar byggingar eru nálægar.

Lýsing

Sundtréð stendur í miðjum steinhring sem er um 1,5 m á hæð og um 2 m í radíus. Hann er hlaðinn úr fremur smáu, mosavöxnu grjóti. Umför grjóts í hleðslunni er um 5. Staurinn er um 6 m hár þaðan sem hann stendur upp úr hringnum.

Heimildaskrá

Allan Magnússon. [ártal vantar]. *Sjávarflóð 22. 1. 1925*. Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla. Örnefnastofnun.

Oddur V. Gíslason. 1890. *Leiðir og Lendingar í fiskiverum Íslands. Frá Jökulsá á Sólheimasandi til Reykjaness. I. bindi*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 6

Sérheiti: Sundvarða

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

Árið 1890 var bókin *Leiðir og landingar í fiskiverum Íslands* rituð og þar segir um Sundvörðuna: „Standa þau [Sundtréð og Sundvarðan [6]] bæði á bakkanum fyrir vestan

Kaðlastaði; sem er vestasti bærinn í stokkseyrarhverfinu.“ (Oddur V. Gíslason 1890:39-40)

„Þetta tré [sem stendur í næsta skeri framan við flæðarmálið] á að bera í Bjarnarvörðu, sem er varða skammt austan við landamerki Stóra-Hrauns og Stokkseyrar, aðeins framan við Sjóvarnargarðinn.“ (Guðmundur Þórarinsson. 1997:43) „Bjarnavarða stendur á sjógarðinum mitt á milli Kaðlastaða og Hraunsár ...“ (Andrés Markússon. Marz 1926:3) Sundvarðan hét líka Bjarnarvarða, samkvæmt heimildamanni. Ef Sundvarðan og Sundtréð runnu saman í eitt þá voru sjómenn á réttri leið, en úr Bjarnvörðusundi var farið í Stokkseyrarlendingu. (Andrés Markússon. Marz 1926:3) Við vettvangsathugun fundust engar leifar af vörðunni, enda búið að reisa nýjan sjóvarnargarð þétt sunnan við þann gamla, og því sennilega á því svæði er varðan var á.

Heimildaskrá

Andrés Markússon. Marz 1926. *Sundin á Stokkseyri*. Stokkseyrarhreppur, Árnessýsla, Örnefnastofnun.

Guðmundur Þórarinsson. 1997. *Eyrbakkahreppur. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. Sjóminjasafnið á Eyrbakka.

Oddur V. Gíslason. 1890. *Leiðir og Lendingar í fiskiverum Íslands. Frá Jökulsá á Sólheimasandi til Reykjaness. I. bindi*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 7

Sérheiti: Skæltréð

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

Árið 1890 var bókin *Leiðir og lendingar í fiskiverum Íslands* rituð og þar segir um staðsetningu Skæltrésins: „á sandinum í útsuður af Götu, með þríhyrndum hlemm, sem snýr í suður, og breiði endinn á honum upp.“ (Oddur V. Gíslason 1890:40-41)

Skæltréð var austar í þorpinu, eða rétt vestan við húsið Götu. Austan við húsið Hafstein var annað tré og ef menn voru að sigla inn, af sjó, og tréin bæði runnu saman, þá voru þeir á réttri leið.

Heimildaskrá

Oddur V. Gíslason. 1890. *Leiðir og Lendingar í fiskiverum Íslands. Frá Jökulsá á Sólheimasandi til Reykjaness. I. bindi.* Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 8

Hlutverk: Útihús

Tegund: Frásögn

Staðsetning: X: 397916 Y:
372369

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur
Jónsson (1409284969)



Svæðið þar sem útihús stóðu áður.

Staðhættir

Útihús frá Eystri-Kaðlastöðum voru N af íbúðarhúsinu sem nú stendur á Kaðlastöðum, og rétt SV af útihúsi sem þar stendur.

Lýsing

Þar eru í dag (2005) engar minjar um neinar byggingar, en grasvöxtur er mikill og gæti villt manni sýn. Svæðið er mjög bert og fáar byggingar í nágrenninu og gætu því leifar útihússins verið heillegar neðanjarðar.

Kaðlastaðir 182314 152 - 9

Hlutverk: Skúr

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

„Skúr er með austurhlið 8 ½ x 3 ¾ al. á hæð 3 al. sem er skipasmíðaverkstæði, ... Hjallur [10] er austan við skúrinn 8 ½ x 3 ¾ al. hæð 3 al. Bæði verkstæði og hjallurinn er byggt úr timbri og járnvarið.“ Þessar upplýsingar eru gamlar virðingar. (*Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum.*)

Lýsing

Skúr þessi gæti staðið enn í dag en staðsetning hans er ekki skráð í gömlu virðingarnar svo ekki er unnt að vita neitt nánar um skúrinn. Þau hús sem enn standa á Kaðlastöðum, er gamalt útihús, gamall skúr og svo íbúðarhús. Sé þessi skúr sá sem enn stendur er hann rétt norðan við útihúsið sem stendur í dag (2005).

Heimildaskrá

Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum. Umsjón með útgáfu:

Byggðasafn Árnesinga. Útgáfa í 30 fjölrituðum eintökum í september 2000 og 15 eintökum í febrúar 2001.

Kaðlastaðir 182314 152 - 10

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: nei

Staðhættir

Hjallur er austan við skúrinn 8 ½ x 3 ¾ al. hæð 3 al. Bæði verkstæði og hjallurinn er byggt úr timbri og járnvarið.“ Þessar upplýsingar eru gamlar virðingar.



Hugsanlegar leifar að hjalli sem fannst við deiliskráningu 2007. Fannst eftir að hús var rífið.

(Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum)

Lýsing


Sennilega stendur þessi hjallur ekki enn í dag en staðsetning hans er ekki skráð í gömlu virðingarnar svo ekki er unnt að vita neitt nánar um hann. Þau hús sem enn standa á Kaðlastöðum er gamalt útihús, gamall skúr og svo íbúðarhús. Sé þessi skúr sá sem enn stendur er hann rétt norðan við útihúsið sem stendur í dag (2005), þá hefur hjallurinn verið rétt austan við hann,

VIÐBÓT 2007: Þegar deiliskráning er gerð árið 2007 er búið að rífa þennan skúr og eftir stendur opið sár þar sem sér í hleðslur. Sterkar líkur eru á að þetta sé umtalaður hjallur sem nú nýlega hefur verið rifinn. Hleðslur sjást vel og liggur hleðsla frá grunninum vestur fyrir húsið.

Heimildaskrá

Húsakönnun á Stokkseyri. Kynning á fyrstu niðurstöðum. Umsjón með útgáfu:

Byggðasafn Árnesinga. Útgáfa í 30 fjölrítuðum eintökum í september 2000 og 15 eintökum í febrúar 2001.



Kaðlastaðir 182314 152 - 11

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397889 Y: 372369

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

„Árið 1898 fluttist Halldór Halldórsson frá Eystra-Stokkseyrarseli að Kalastöðum, reif sjóbúð sína þar og byggði sér bæ [12], þar sem hún hafði staðið, en um 1907 reif hann bæinn og byggði þar timburhús.“ (Guðni Jónsson 1952:290) Halldór bjó að Vestri-Kaðlastöðum sem voru um 40-50 m á ská út frá Eystri-Kaðlastöðum og um húsbreidd sunnan við þar sem nú er útihús. Þar er í dag ekkert íbúðarhús.

Lýsing

Þar sem Kaðlastaðir stóðu, sjást nú engar leifar um húsbyggingar. Jarðvegur er eilítið hærri á túninu norðanverðu og gætu húsín hafa staðið þar. Grasvöxtur er mikill á svæðinu og gæti það byrgt manni sýn.

Viðbót 2007: Við deiliskráningu árið 2007 hefur hús sem áður stóð verið rífið og þar sem húsið stóð má sjá mikið af mannvistarleifum. Þarna er bæjarhóll Vestri Kaðlastaða og líklega minjar margra bygginga.

Heimildaskrá

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir. 2003. *Skrá yfir þjóðsögur og sagnir í Árnessýslu: skrásettar/útgefnar 1890-1960*. BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Munnmæli

Nokkrar þjóðsögur hafa verið skráðar er varða draugagang í sjóbúð Halldórs Halldórssonar á vetrarvertíðinni árið 1892. Þær sem hér eru skrifaðar eru teknar orðrétt úr BA-ritgerð Elínar Kristbjargar Guðbrandsdóttur en skráðar af Guðna Jónssyni.

„Sagt er frá reimleikum á Stokkseyri á vetrarvertíðinni 1892 sem hófust í verbúð Sigurðar Hinrikssonar, formanns í Ranakoti. Kvöld eitt þegar flestir voru sofnaðir í sjóbúð tóku þeir Eyjólfur Ófeigsson frá Fjalli á Skeiðum og Ívar Geirsson frá Kiðjabergi í Grímsnesi eftir því að einn félagi þeirra fór að láta illa í svefni, blánaði upp og náði vart andanum. Þeir vöktu hann strax og sagðist hann hafa orðið fyrir einhverjum ófögnuði. Fleiri urðu fyrir ásókn þessa fyrirbæris sem sumir töldu vera Skerflóðs-Móra. Virtist sem það leitaði

á þá þegar þeir festu svefn. Næsta kvöld ákváðu þeir að lesa húslestur og syngja úr Passíusálmunum en það varð ekki til hjálpar. Ákveðið var að leita til þuríðar í Útgörðum en hún kunni ýmislegt fyrir sér. Hún ráðlagði að láta stærri kirkjuklukkuna í Stokkseyrarkirkju hringja í búðinni. Næstu nótt var rólegt en síðan sótti aftur í sama farið. Að lokum flúðu vermennirnir að Ranastöðum og sváfu þar. Þá fór að bera á reimleikum í sjóbúðinni á Kalastöðum og flúðu allir verbúðarmenn þaðan inn í bæ. Þessir reimleikar héldust næstu vikur í

ýmsum búðum en vægari þó en í fyrstu. Margar skýringar voru á lofti um orsök þessara reimleika. Sumir töldu þetta vera ófreskju úr sjó og aðrir álitu draug þann sem Stokkseyrar-Dísa kom fyrir í hól í Ranakoti en sjóbúð stóð á þessum hól. Haustið áður höfðu nokkrir steinar verið teknir úr hólnum og notaðir í hesthúsvegg og við það hafði draugurinn aftur komist á kreik. Engar haldbærar skýringar fundust á þessu fyrirbæri.“ (Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir 2003: 215)

„Sagt frá upplifun Ingvars Guðmundssonar frá Seljatungu á Stokkseyrarundrunum 1892. Hann var einn af hásetum Sigurðar Hinrikssonar í Ranakoti og lá andvaka ásamt einum félaganum sínum nóttina sem reimleikarnir hófust. Einn manna lét illa í svefni og vöktu þeir hann. Taldi hann þetta vera einhverskonar skrímsli sem hafi ætlað að drepa sig. Fleiri urðu fyrir ásókn draugsins og vöknúðu. Þeim varð ekki svefnvært þar sem eftir lifði nætur. Ákváðu þeir að fara allir upp í tvö rúm og þeir vöskustu fremstir á stokkinn. Næsta kvöld settu þeir tréklossa fyrir framan hvert rúm og sváfu allir vært þá nótt. Daginn eftir sá einn verbúðarmanna gult flykki í búðinni og var nú afráðið að segja Sigurði formanni allt af léttu. Hann bauðst til að gista hjá mönnunum og þegar hann hafði rétt fest svefn lagðist óvætturinn á hann. Var brugðið á ýmis ráð til að kveða drauginn niður, m.a. að slá frá sér með hríslu. Leitað var til fjölkunnugrar konu og reyndi hún að særa hann út. Næsta ráð var að fá kirkjuklukkur og hringja heim. Að lokum var ákveðið að flytja mennina úr sjóbúðinni í Ranakoti, sex fengu rúm í sjóbúðinni í Vestri-Móhúsum og hinir í Ranakoti. Draugsins var einnig var á Kalastöðum þar sem hann gerði tvo menn næstum vitskerta af hræðslu.“ (Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir 2003: 215-16)

„Sagt frá reimleikum á vetrarvertíðinni 1892 og upplifun Ívars Geirssonar háseta hjá Sigurði Hinrikssyni formanni í Ranakoti. Eitt kvöldið í lok kvöldvökkunnar þegar Sigurður formaður hafði boðið mönnum sínum góða nótt fór að bera á draugaganginum. Menn

fóru að berjast um á hæl og hnakka í fastasvefni. Einn hásetanna, Hafliði Sæmundsson á Fossi á Rangárvöllum otaði hníf að þessum djöfli en skyndilega var eins og honum væri þrýst niður, hnífurinn féll úr hendi hans og hann blánaði í framan. Komu nærstaddir honum til hjálpar. Leitað var aðstoðar Jóns Vernharðssonar yngri frá Seli sem var í sjóbúð skammt frá. Bar ekki á neinu meðan hann dvaldi hjá mönnunum og taldi hann þetta fyrirbæri hverfa þegar þess tími væri kominn. Næstu nótt byrjuðu lætin aftur. Einnig varð vart við ásókn draugsins í sjóbúð Halldórs Halldórssonar formanns frá Stokkseyrarseli en sjóbúð hans var á Kalastöðum. Að lokum gáfum vermenn Sigurðar Hinrikssonar upp á vistinni í sjóbúðinni og fluttu annað þar sem þeir loksins fengu frið fyrir þessum ófögnuði. Honum var lýst sem daufum glampa, sporöskjulöguðum og flöktandi í rúmstokkshæð.“ (Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir 2003: 216)

„Sagt frá reimleikum á Stokkseyri á vetrarvertíðinni 1892 og upplifun Loftis Jakobssonar í Neðra-Seli á Landi. Hann var háseti hjá Sigurði Hinrikssyni í Ranakoti og dvaldi ásamt öðrum hásetum í sjóbúð hans. Sigurður var vanur að dvelja hjá hásetum sínum fram í vökulok. Kvöld eitt var slæmt veður og fór hann því fyrr en vanalega inn í bæ og gengu menn til náða. Loftur vaknaði við að Jón Jónsson frá Bjóluhjáleigu var að segja frá draumi sínum þar sem einhver ætlaði að draga hann fram úr rúminu. Loftur sneri sér til veggjar og reyndi að sofna aftur. Fannst honum þá ógnarþungi leggjast yfir sig og var réttur upp í rúminu og jafnaði sig fljótlega. Draugurinn ásótti fleiri og varð að aðstoða menn við að losa sig undan honum. Kveiktu menn ljós og settust við spil fram undir morgun. Ákváðu þeir að segja formanni sínum ekki frá þessum atburðum því kona hans var þunguð. Næstu nótt var allt með friði og spekt í sjóbúðinni en daginn eftir sást til og nóttina eftir varð engum svefnvært vegna draugagangs. Nú var ákveðið að segja frá þessu og leitað til ýmissa aðila. Þuríður í Útgörðum reyndi að reka þennan anda út með hrísvöndum og reynt var að hringja kirkjuklukkum. Var þessu fyrirbæri lýst sem eldglæringum eða geisla sem líktist hálfmána sem liði meðfram veggjum. Best þótti að slá á þann sem varð fyrir ásókninni með hríslu eða vendi. Að lokum flúðu allir hásetarnir úr búðinni og urðu þeir ekki varir við draugagang eftir það. Vorið eftir reif Sigurður í Ranakoti sjóbúðina og byggði upp að nýju.“ (Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir 2003: 216-17)

„Sagt frá draugaganginum í sjóbúðum á Stokkseyri á vetrarvertíðinni 1892. M.a. er sagt frá reimleikum í sjóbúðinni á Kalastöðum en sérstaklega voru þeir hatrammir í búð Halldórs Halldórssonar frá Stokkseyrarseli en hún var einnig á Kalastöðum. Þar flúðu tveir menn heim úr veri og urðu ekki samir eftir, þeir Eiríkur Gíslason frá Bitru og Jón Bjarnason frá Sandlækjarkoti. Virtist sem draugurinn legðist alla jafna á einn mann í einu þegar hann var að sofna og náði hann þá ekki andanum fyrir en hann var reistur upp. Kom þetta fyrir á hverri nóttu í einni eða tveimur sjóbúðum frá 29. marst til 29. apríl. Veturinn sem reimleikarnir gerðust urðu þrjár manneskjur bráðkvaddar á túninu við Kalastaði en þar voru reimleikarnir mestir en erfitt er að segja um nokkurt samband þar á milli.“ (Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir 2003:217)

Kaðlastaðir 182314 152 - 12

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397889

Y: 372369

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur



Jónsson (1409284969)

Eftir að hús sem stóð á bæjarhólnum var rífið komu í ljós minjar líklega eftir eldri hús. Efsta lag bæjarhóls mikið raskað.

Staðhættir

„Árið 1898 fluttist Halldór Halldórsson frá Eystra-Stokkseyrarseli að Kalastöðum, reif sjóbúð sína [12] þar og byggði sér bæ, þar sem hún hafði staðið, en um 1907 reif hann bæinn og byggði þar timburhús.“ (Guðni Jónsson 1952:290) Halldór bjó að Vestri-Kalastöðum sem voru um 40-50 m á ská út frá Eystri-Kaðlastöðum og um húsbreidd sunnan við þar sem nú er útihús. Þar er í dag ekkert íbúðarhús.

Lýsing

Þar sem Kaðlastaðir stóðu, sjást nú engar leifar um húsbyggingar. Jarðvegur er eilítið hærri á túninu norðanverðu og gætu húsin hafa staðið þar. Grasvöxtur er mikill á svæðinu og gæti það byrgt manni sýn.

Viðbót 2007. Við deiliskráningu árið 2007 hefur hús sem áður stóð verið rifið og þar sem húsið stóð má sjá mikið af mannvistarleifum, þarna er bæjarhóll Vestri Kaðlastaða og líklega minjar margra bygginga.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 13

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397889 Y: 372369

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

„Hallgrímur Jóhannesson skipasmiður átti sjóbúð suður á hlaðinu á Kalastöðum. Svo reisti hann sér smíðahús [14] þar, sem sjóbúð hans hafði staðið, en um 1905-06 reif hann það og byggði þar íbúðarhús.“ (Guðni Jónsson 1952:290) Heimildamaður kannaðist ekki við sjóbúð þessa, en þetta hefur verið þar sem Vestri-Kalastaðir voru. Vestri-Kaðlastaðir voru um 40-50 m á ská út frá Eystri-Kaðlastöðum og um húsbreidd sunnan við þar sem nú er útihús.

Lýsing

Þar sem Kaðlastaðir stóðu, sjást nú engar leifar um húsbyggingar. Jarðvegur er eilítið hærri á túninu norðanverðu og gætu húsin hafa staðið þar. Grasvöxtur er mikill á svæðinu og gæti það byrgt manni sýn.

Viðbót 2007: Við deiliskráningu árið 2007 hefur hús sem áður stóð verið rifið og þar sem húsið stóð má sjá mikið af mannvistarleifum, þarna er bæjarhóll Vestri Kaðlastaða og líklega minjar margra bygginga.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 14

Hlutverk: Smíðahús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397889 Y: 372369

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

„Hallgrímur Jóhannesson skipasmiður átti sjóbúð [13] suður á hlaðinu á Kalastöðum. Svo reisti hann sér smíðahús þar, sem sjóbúð hans hafði staðið, en um 1905-06 reif hann það og byggði þar íbúðarhús.“ (Guðni Jónsson 1952:290) Smíðahúsið hefur staðið þar sem Vestri-Kalaðstaðir voru. Vestri-Kaðlastaðir voru um 40-50 m á ská út frá Eystri-Kaðlastöðum og um húsbreidd sunnan við þar sem nú er útihús.

Lýsing

Þar sem Kaðlastaðir stóðu, sjást nú engar leifar um húsbyggingar. Jarðvegur er eilítið hærri á túninu norðanverðu og gætu húsin hafa staðið þar. Grasvöxtur er mikill á svæðinu og gæti það byrgt manni sýn.

Viðbót 2007. Við deiliskráningu árið 2007 hefur hús sem áður stóð verið rifið og þar sem húsið stóð má sjá mikið af mannvistarleifum, þarna er bæjarhóll Vestri Kaðlastaða og líklega minjar margra bygginga.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 15

Hlutverk: Fjós

Tegund: Frásögn

Staðsetning: X: 397946 Y: 372390

Ástand: Ómetið

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

Fjós var austar en útihúsið sem í dag stendur rétt norður af íbúðarhúsinu á Kalastöðum.

Lýsing

Greinilegur rústahóll stendur um 5 m suður af Löngudæl og um 70 m norður af íbúðarhúsi. Efst á hólnum má óljóst greina þrjá mjög sokkna vegg. Hólinn er áberandi í landslagi og er um 80 m í þvermál. Líklegt er samkvæmt túnakorti að þetta sé umrætt Fjós.

Kaðlastaðir 182314 152 - 16

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 397889 Y: 372369

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Heimildamaður: Steingrímur Jónsson (1409284969)

Staðhættir

„Á Kalastöðum risu upp nokkrar þurrabúðir fyrir og um síðustu aldamót. Árið 1896 byggðu sér þar bæ Gísli Gíslason frá Kotferju og kona hans, Guðrún Sigurðardóttir ... Bjuggu þau þar til 1928 ... Skömmu eftir að þau fóru, var bærinn rifinn. Stóð hann

vestast í bæjarröndinni á Kalastöðum og er nú alveg sléttaður út.“ (Guðni Jónsson. 1952:290) Býli Gísla tilheyrði Vestri-Kaðlastöðum.

Lýsing

Þar sem Kaðlastaðir stóðu, sjást nú engar leifar um húsbyggingar. Jarðvegur er eilítið hærri á túninu norðanverðu og gætu húsinn hafa staðið þar. Grasvöxtur er mikill á svæðinu og gæti það byrgt manni sýn.

Viðbót 2007. Við deiliskráningu árið 2007 hefur hús sem áður stóð verið rífið og þar sem húsið stóð má sjá mikið af mannvistarleifum. Þarna er bæjarhóll Vestri Kaðlastaða og líklega minjar margra bygginga.

Heimildaskrá

Guðni Jónsson. 1952. *Bólstaðir og búendur í Stokkseyrarhreppi*. Stokkseyringafélagið í Reykjavík, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 17

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: X: 397933 Y: 372318

Hleðsluhæð: 20 cm

Lengd: 17 m

Breidd: 1 m

Ástand: Ómetið



Túngarður við Eystri Kaðlastaði.

Staðhættir

Garður er um 4 m suður af tóft [2], 10 m austur af Kaðlastöðum og um 15 m vestur af Eyjaseli 1.

Lýsing

Garðurinn er 17 m langur og rúmlega meters breiður. Hann liggur NA/SV í NA endanum sveigir hann í vestur og er þar um 3 m langur. Garðurinn er um 20 sm hár og gróðinn

sama gróðri, grasi, og umhverfið í kring. Í NA endanum sést glitta í hleðslusteina. SV endinn er um 5 m norður af Eyrarbraut.

Kaðlastaðir 182314 152 - 18

Sérheiti: Helluóstréð

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Ástand: Ómetið

Horfin: Já

Staðhættir

Árið 1890 var bókin *Leiðir og lendingar í fiskiverum Íslands* rituð og þar segir um Helluóstréð: „Helluóstréð er hlemmlaust tré á sjávarbakkanum vestan við Kaðlastaði.“ (Oddur V. Gíslason 1890:40-41)

Heimildaskrá

Oddur V. Gíslason. 1890. *Leiðir og Lendingar í fiskiverum Íslands. Frá Jökulsá á Sólheimasandi til Reykjaness. I. bindi.* Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Kaðlastaðir 182314 152 - 19

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðsetning: E 397851 N 372416

Staðhættir


Um 40 m norður af Gaulverjabæjarvegi [Stokkseyrarvegi] og um 30 m suður af Löngudæl er tóft.

Lýsing

Tóftin er um 2 m að innanmái og lengd um 5 m. Aðeinn má greina hluta af veggjum en finnst fyrir grjóti undir grassverði.

Tóftin stendur á sléttu svæði

Nokkuð er um mishæðir og stöku grót á svæðinu í kring sem gæti gefið til kynna fleiri byggingar .



Kaðlastaðir 182314 152 - 20

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Garður

Staðsetning: E 397445 N 372393

Staðhættir

Um 35 m norður af Gaulverjabæjarvegi [Stokkseyrarvegi] og um 22 m suður af Löngudæl er garðlag,

Lýsing

Garðlagið er um 20 norður af tóft [19] Garðurinn er um 15 m að lengs og liggur í B-SA og er um 2.5 m á breidd. Garðurinn er mikið sokkin og virðat stór hluti hans vera horfin

Niðurlag

Kaðlastaðir voru aðalskráðir í október árið 2005, stóðu þá tvö hús frá fyrrihluta 20. aldar á svæðinu þar sem Vestri Kaðlastaðir stóðu áður (brunnu 1995). Hafa þessi hús villt skráningarmönnum nokkra sýn.

Þegar deiliskráning er gerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda, höfðu þessi hús nýlega verið rifin.

Greinlegt er að húsinn hafa staðið á bæjarhól Vestri Kaðlastaða og nú má þar sjá opið sár og má greina nokkuð magn af mannvistarleifum. Efsta lag bæjarhólsins hefur verið mikið raskað við niðurrif húsanna. Má þar sjá hleðslugrjót úr byggingum, ásamt beinum og einstaka gripum. Greinlegt er að byggingar hafa staðið undir húsinu sem rifið var, en saman við leifar húsins blandast þessar eldri byggingaleifar.

Þar sem greinlegt er að um bæjarhól er að ræða á því svæði sem fyrirhugaðar byggingar eru áætlaðar er nauðsynlegt að frekari rannsóknir fari fram. Minjarnar eru á svæði norðan íbúðarhús á Kaðlastöðum, þar sem áætlað er að tvö íbúðarhús rísi og á svæði þar sem áætlað er að blokk fyrir eldri borgara rísi.

Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt ekkert sjáist í þær ofanjarðar. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar.

Þar sem sagnir eru um margar byggingar á þessu svæði er æskilegt að fornleifafræðingur fylgist með öllu jarðraski á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Fornleifavernd ríkisins hefur verið gert viðvart og mun hún skoða aðstæður á svæðinu.